



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Landssamband skógræktarfélaganna – Þórunnartúni 6 - 105 Reykjavík
Sími: 551 8150 Netfang: skog@skog.is Vefsíða: www.skog.is

30. nóvember 2012

Ágæti viðtakandi

Með bréfi þessu sendir Skógræktarfélag Íslands eftirfarandi ályktun sem samþykkt var á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands á Blönduósi dagana 24.-26. september 2012.


Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Blönduósi 24.-26. ágúst 2012, hvetur aðildarfélög sín, sveitarfélög, stofnanir og einstaklinga til að nýta sér þá frjósæmi sem lúpína skapar í ófrjósömu landi og rækta skóg í lúpínubreiðum.

Greinagerð


Skógræktarfélag Íslands bendir á að lúpínubreiður eru kjörnar til ræktunar skóga enda bætir lúpínan jarðveginn sem gerir hann betur fallinn til allrar ræktunar. Um leið og skógur vex upp úr lúpínu hörfar hún hratt. Þar sem lúpína bindur nitur stuðlar hún að hröðum vexti trjáplantna. Því tekur ekki langan tíma fyrir tré sem gróðursett eru í lúpínubreiður að skyggja út lúpínuna. Aðferðir til að koma trjágróðri í lúpínubreiður eru kunnar. Skógræktarfélag Íslands er reiðubúið að veita ráðgjöf og leiðbeiningar um hvernig hægt sé að rækta skóg í lúpínubreiðum, t.d. hvað varðar val á trjátegundum og ræktunaraðferðum.

Það er einlæg ósk Skógræktarfélags Íslands að ályktunin verði tekin til góðfúslegrar skoðunar.

F.h. stjórnar Skógræktarfélags Íslands


Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri

Samrit: Öll sveitarfélög landsins og aðildarfélög Skógræktarfélags Íslands

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	3.12.2012
Málsnr:	1212020
Bréfala:	463